



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2021  
R21040323

Borgarráð

***Starfshópur um undirbúning hönnunarsamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning hönnunarsamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að gera forsögn og undirbúa keppnislýsingu um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja, með áherslu á aðstöðu til sundiðkunar, vellíðunar og vatnaleikja. Sérstök áhersla verði á að fá einnig fram útfærslur á nýtingu í tengslum við endurgerð stúkumannvirkis og vannýttra hluta eldri mannvirkja. Haldin verður hönnunarsamkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Á grundvelli samkeppninnar verði valin tillaga og hugmyndir til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um undirbúning hönnunarsamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur vegna undirbúnings hönnunarsamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja

Ábyrgðarmaður: Borgarstjóri

### Inngangur og markmið:

Arkitektar Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja eru Einar Sveinsson, Bjarni Konráðsson, Jes Einar Þorsteinsson og Ari Már Lúðvíksson.

Með endurgerð og uppbyggingu á Laugardalslaug, umhverfi hennar og tengdum mannvirkjum verði undirstrikað hlutverk laugarinnar sem miðstöð sundípróttu, vellíðanar og vatnsleikja fyrir börn, fjölskyldur og fólk á öllum aldri, auk þess að vera lifandi menningar- og samfélagsvettangur.

Gert er ráð fyrir að viðhalda í meginatriðum útliti eldri mannvirkja, þó einnig verði kallað eftir þróun og aukinni notkun stúkumannvirkis og annarra vannýtttra hluta bygginganna svo sem eldri afgreiðslu og búningaaðstöðu, svo dæmi sé tekið. Áhersla verði lögð á endurnýtingu og sjálfbærni í samræmi við hugmyndafræði Græna plansins. Stefnt verði að því að endurgerðin verði umhverfisvottuð út frá „BREEAM Refurbishment“ og standist kröfur um græna fjármögnun. Þá verði lögð sérstök áhersla á aðgengi fyrir alla, algild hönnun, bæði hvað allt húsnæði varðar og í þau tæki til afþreyingar sem í boði verða, m.a. rennibraut fyrir alla.

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að gera forsögn og undirbúa keppnislýsingu um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja, með áherslu á aðstöðu til sundiðkunar, vellíðunar og vatnaleikja. Sérstök áhersla verði á að fá einnig fram útfærslur á nýtingu í tengslum við endurgerð stúkumannvirkis og vannýtttra hluta eldri mannvirkja. Haldin verður hönnunarsamkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Á grundvelli samkeppninnar verði valin tillaga og hugmyndir til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Áherslupunktur:

- Drottning almenningssundlauga í Reykjavík
- Lýðheilsa, heilsuefling
- Vellíðan
- Vatnaparadís, uppbygging rennibrautagarðs og aðstöðu til leikja
- Algild hönnun
- Betri nýting mannvirkja
- Vettvangur mannlífs, menningar og samfélags (opið rými, bókasafn)
- Tengsl við aðra starfsemi í Laugardal
- Sjónarmið húsaverndunar

**Helstu verkefni/viðfangsefni:**

- Forsögn og undirbúningur hönnunarsamkeppni
- Skilgreining keppnislýsingar og framsetning kynningarefnis
- Hagsmunaaðilagreining
- Áhættugreining

**Starfshópurinn skipa:**

Ósk Soffía Valtýsdóttir, formaður, umhverfis- og skipulagssviði

Kristjana Ósk Birgisdóttir, umhverfis- og skipulagssviði

Jón Valgeir Björnsson, eignaskrifstofu

Pálína Magnúsdóttir, menningar- og ferðamálasviði

Steinþór Einarsson, íþróttá- og tómstundasviði

Sólveig Valgeirsdóttir, íþróttá- og tómstundasviði

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Starfshópur ræður starfsmann / verkefnisstjóra til starfa með hópnun.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Hönnunarsamkeppnin verði haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Horft verði til framsækinnna fyrirmynda jafnt hér á landi sem erlendis og leitað ráðgjafar hjá alþjóðlegum sérfræðingum sem hafa reynslu af sambærilegum verkefnum. Að lokum velur dómnefnd tillögu til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Sérstaklega verði hugað að samráði við gesti Laugardalslaugar á frumstigum. Starfshópurinn mun vinna hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verður lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Þess verði gætt að hafa samráð við notendur laugarinnar á öllum aldri. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Hönnunarsamkeppni verði auglýst í september 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson